

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um samræmdan opnunartíma félagsmiðstöðva í Reykjavík

Lagt er til að Reykjavíkurborg gæti jafnræðis hvað varðar opnunartíma félagsmiðstöðva í borginni og að lágmarki verði opið þrjú kvöld í viku í öllum félagsmiðstöðvum frá og með hausti 2017.

Greinargerð:

Við í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggjum til að kvöldopnanir verði fleiri í félagsmiðstöðvum borgarinnar og samræmis gætt hvað varðar opnunartíma. Í dag er bæði mikill munur innan hverfa sem og á milli hverfa í Reykjavík. Við óskum eftir því að kvöldopnanir í félagsmiðstöðvum séu að lágmarki þrjár í hverri viku og að þetta verði að veruleika eigi síðar en í lok ágúst 2017. Það er lágmarkskrafa að unglíngum sé boðið upp á opnanir í félagsmiðstöðinni á hverju föstudagskvöldi en ekki annað hvert eins og raunin er í mörgum hverfum.